



Ræða flutt 1954-1955, með Sjálfstæðismönnum á  
Keflavíkurflugvelli eða daginn eftir komu  
Adenauers til Íslands.

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Sjálfstæðismenn – Keflavíkurflugvöllur – Varnarbandalag –  
Adenauer – Kommúnistar

---

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Ræður og greinar 1940-1965  
Askja 4-2, Örk 7

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Röðin miðsjálfstæðum á Keflavíkflugv. annat hvarft í set. 1957  
eða maí 1955. Áh. dagað eftir kom Adenauers hingst.  
Ekkir hingst.

A hverjum einasta degi berast okkur  
svo margar fréttir viðs vegar að úr heiminum, að  
erfitter að gera sér grein fyrir, hverjir af at-  
burðunum, sem sagt er frá, hafi verulega þýðingu  
og hverjir falla í gleymskunnar dá. Ekki þarf þó  
mikla skarpskyggni til að sjá, að viðburðir síð-  
ustu viku, þegar Vestur-Þýzkaland sameinaðist hin-  
um Vestur-Evrópubjöðunum og Bandaríkjum og  
Kanada í bandalagi til eflingar friðarins, er  
heimssögulegur atburður. Þessar þjóðir hafa öld-  
um saman legið innbyrðis í ófriði og meðal annars  
átt í tveimur heimsstyrjöldum, sem langt voru  
komnar með að valda tortímingu sumra þeirra. Þau  
hafa lært af reynslunni að þekkja ógnir styrjaldanna  
og vita að nú á dögum skilja þær eftir enn magnaðri  
vandamál, en þær geta leyst. Þess vegna eru horfur  
á, að þeirra á milli sé úr sögunni, að fundin sé leið  
til að þessi ríki stór og smá, geti unnið saman og  
haldið sjálfstæði sínu, en þó skapað út á við svo  
öfluga einingu að engum þyki líklegt til árásar,  
eða undirokunar. Enda heyrum við, hvernig kommunistar  
sem hvarvetna í heiminum hafa sama árásar undirrökurs-  
og illkvitniseðlið, sem hér á landi, ætla að ærast  
yfir þessari sameiningu hinna friðelskandi þjóða og  
reyna að sundra henni með því að hrópa hástöfum um,  
að aldrei hafi verið friðvænlegra í heiminum en nú og  
þess vegna sé ekki ástæða til aðgerða til þess að verj-  
ast ófriði.

Marga grunar, að þar kynni að vera leikinn sami leikurinn og þegar ræningjar varpa yfir sig klerkluflí, til að komast nær vegfarendum og vekja ekki ótta þeirra fyrr en á þá er ráðist. En friðvænlegra en nú en oft áður, af hverju kemur þá það? Eingöngu af því, að lýðræðisþjóðirnar hafa eftt svo samtök sín, að meira jafnvægi er en áður í heiminum og möguleiki er skapaður til að stöðva yfirlangútbenslu kommúnismans.

Engum getur dulizt, að þetta eru **heims-söguleg tíðindi**.

En af hverju geri eg þau að umræðuefní hér í kvöld? Það er vegna þess, að þið, sem hér eruð saman komin, hafið með verki ykkar og daglegri vinnu undanfarið átt ykkar þátt í því, að byggja upp þessi friðarsamtök.

Oft hefur oltið á litlu, hvort þau kæmust á og hvort sú byrjun, sem hafin var, fengi að eflast. Ofbeldismennirnir hafa á þessum árum áreiðanlega iðulega hugleitt, hvort þeir ættu að hefja árás, áður en varnarveggurinn yrði of sterkur. Þátttaka Íslands í varnarbandalaginu og varnarráðstafanir hér á landi hafa tvímælalaust haft mjög mikla þýðingu til styrktar bandalaginu og þar með friðnum í heiminum undanfarin óvissuár. Heimsókn hins mikilhæfa kanslara Þýskalands, Adenauers, hingað til lands í gær, undirstrikar mjög greinilega þá meginþýðingu, sem Ísland hefur nú til viðhalds heimsfriðnum. Hversu lengi sú þýðing helzt, er ekki unnt að segja nú.

Við getum aðeins séð það fyrir, að hið heimskulegasta af öllu heimskulegu mundi vera að byrja að rífa niður varnargarðinn einmitt nú, þegar hann er orðinn svo sterkur, að nær víst má telja, að flöðbylgja árása og yfirlangs fái ekki haggað honum. Íslenzku almenningur og íslenzk stjórnvöld verða að vera á verði í þessum efnum og láta ekki hrekja sig af réttir leið til verndar hagsmunum Íslands og varðveislu friðar í heiminum.

Við skulum hafa í huga, að það er engin nýlunda, að þegar hættan er minni, þá hverfur varúðin hjá þeim vanhyggnu. Kötturinn þarf ekki annað, en að hlaupa í felur, til að mýsnar hlaupi úr holu sinni og haldi sér alla veki færa. Ætla verður, að Íslendingar hafi meira en sílikan mýsarþroska.

En einmitt vegna þess, að nú stöndum við á tímamótum er nauðsynlegt að við rifjum upp fyrir okkur, hvað þegar hefur áunnizt til góðs fyrir land okkar, og til góðs fyrir heimsfriðinn með þeirri stefnu, sem Sjálfstæðismenn hafa ráðið í utanríkismálum og þeim verkum, sem þið sjálf hafið unnið með höndum ykkar hér á undanförnum árum. Sjálfstæðismenn og þá ekki sízt þið hafið orðið fyrir mörgum kröpuryrðum af óvitrum mönnum, vegna skilnings ykkar á gildi þátttöku Íslands í vörnum hinna frjálsu, vestrænu þjóða. Enginn sá, sem veit, að hann er að gera rétt má kippa sér upp við slíkt. En segja verður eins og er, að stundum hefur sá höggið, er hlífa skyldi í þessum efnum. Má því til sönnunar

minna á þann furðulega málatilbúnað, sem uppi var hafður á síðastliðnu sumri gegn Flugvallarblaðinu. Einstökum atriðum þess máls er ég ekki kunnugur, en hitt veit eg, að prentfrelsi gildir á landi hér, ekki síður á Keflavíkurflugvelli en annars staðar. Enda er það áreiðanlega ekki að ófyrirsynju, að ekki hefur heyrzt um þetta mál nú mánuðum saman.

Hins verðum við Sjálfstæðismenn að gæta að, að við megum aldrei hafa í frammi rangsleitni gagnvart andstæðingum okkar og við megum aldrei láta aukaatriði eða það, sem litlu máli skiptir skyggja á það, sem meira er um vert. Þess vegna megið þið ekki láta teigjast til ósanngjarnra árása gegn núverandi íslenzkum ráðamönum á Keflavíkurflugvelli, þó að þeir séu í andstæðum flokki við okkur og ósammála okkur um einstök atriði. Eðlilegt er, að hógværlega sé bent á það, sem miður má fara og vitanlega brennur sá eldurinn heitastur, er sjálfum brennur.

Málefnalegar ábendingar eru sjálfssagðar og skeleggur málflutningur til hags starfsmönnum hér er sjálfssagður. Og ekki skulum við taka ábyrgð á því, sem við erum ósammála í framkvæmdaratriðum.

En því megum við aldrei gleyma, að núverandi utanríkisráðherra er að meginstefnu sammála Sjálfstæðisflokknum, og byggir á því, sem við höfum gert. Við megum ekki láta illviljaða menn koma fram því áformi einu að egna til ills okkar á milli, þó að sitt sýnist hverjum um smáatriði,

meðan í heild er haldið svo fram stefnunni, sem við teljum rétt vera. Jafnframt þessu skulum við gæta þess, að láta hvergi ganga á okkar rétt, heldur fylgja hinu gamla kjör- orði Sjálfstæðisfloksins. Gjör rétt, svo að eigi órétt.

Sumir tala um það, að varnarliðsvinnan sé átumein í íslenzku þjórlífi og dragi folk frá eðlilegum atvinnuvegum landsmanna. Þessu er því til að svara, að öll velmegun Íslendinga og ef til vill líf okkar allra veltur á því, að friður haldist í heiminum. Því vinnuafli, sem varið er til að tryggja það, er þess vegna sízt á glæ kastað. Þessu til viðbótar kemur að öruggt er, að síldveiðibresturinn og aðrir örðugleikar undanfarinna ára mundu hafa snúizt til landauðnar, að minnsta kosti víðs vegar, ef ekki hefði svo vel staðið á, að landvarnarvinnan var fyrir hendi. Þessi vinna hefur sannarlega bjargað okkur Íslendingum frá miklum fjárhagserfiðleikum og orðið grundvöllur að far-seld fjölda heimila. Hitt vitum við öll og vonum, að þessi vinna standi ekki nema tiltölulega stuttan tíma. Þess vegna er um að gera að búa svo í hagiinn nú, meðan á henni stendur, að atvinnuvegir landsmanna verði sem fjölbreyttastir og færir um að taka við öllum landsins börnum, þegar þar að kemur.

Af öllum flokkum hefur Sjálfstæðisflokkurinn beztan skilning á þessu. Hann hefur gleggsta

yfirsýn um, að til þess að íslenzku þjóðinni vegni vel þarf öllum þegnum hennar að farnast vel. Illindi og árður á milli stéttu og byggðarlaga eru eitur fyrir frámfarir og hagsæld íslenzku þjóðarinnar. Þess vegna er um að gera fyrir sem allra flest af landsins börnum, að taka saman höndum, fósturjörðinni til heilla. Þetta hafa menn nú þegar gert innan Sjálfstæðisflokkssins og því meiri líkur eru til, að okkar'astkærur þjóð farnist vel, sem fleiri sam einfast innan flokks okkar, til að vinna að velfarnaði Íslands og Íslendinga í brað og lengd.